

Héraðsdómur Austurlands

Dómur 2. september 2021

Mál nr. S-30/2021:

Lögreglustjórinn á Austurlandi

(*Helgi Jenson aðstoðarsaksóknari*)

(*Júlí Ósk Antonsdóttir lögmaður*)

gegn

A

(*Fríða Thoroddsen lögmaður*)

Dómur

1. Mál þetta, sem dómtekið var 18. ágúst 2021, höfðaði lögreglustjórinn á Austurlandi með ákæru, útgefinni 3. febrúar sl., á hendur A, kennitala [...], [...], [...]: „fyrir líkamsárás og brot á barnaverndarlögum í [...], með því að hafa um kvöldmatarleytið miðvikudaginn 20. október 2020, að [...], [...], reiðst dóttur sinni B, sem þá var 14 ára gömul og tekið í axlir hennar og ýtt henni inn í svefnherbergi hennar og þar rifið í hana og ýtt henni svo hún féll í gólfið og haldið henni þar niðri og sparkað a.m.k. einu sinni í fætur hennar eða læri, með þeim afleiðingum að hún hlaut eymsli fyrir ofan hægra eyra og varð hrædd og fór að hágráta, en allt framangreint var ruddalegt og særandi gagnvart stúlkunni.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. breytingarlög og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, sbr. breytingarlög.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa: Af hálfu B, kt. [...] er þess krafist að ákærði verði dæmdur til greiðslu miskabóta að fjárhæð kr. 2.500.000 auk vaxta skv. 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001, frá 20. október 2020 og þar til mánuður er liðinn frá birtingardegi bótakröfu þessarar, en með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist þóknunar vegna starfa réttargæslumanns að mati réttarins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi auk virðisaukaskatts.“

2. Málið var þingfest þann 5. mars sl., en á dómþingi 27. apríl sama ár neitaði ákærði refsiverðri sök og hafnaði einkaréttarkröfunni, líkt og við aðalmeðferð málsins, þann 18. ágúst sl.

3. Skipaður verjandi, Fríða Thoroddsen lögmaður, krefst þess fyrir hönd ákærða, í greinargerð og við flutning málsins, að hann verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins og jafnframt að allur sakarkostnaður, þ.m.t. tildæmd málsvarnarlaun, verði greiddur úr ríkissjóði. Þá krefst verjandinn þess að einkaréttarkröfu/bótakröfu verði vísað frá dómi. Þar um vísar verjandinn til þess að ákæruvaldið hafi eigi axlað sönnunarbyrði sína um sekt ákærða, sbr. ákvæði 108. og 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Við flutning vísaði verjandinn til þess að verknaðarlýsingin í ákæru væri eigi í samræmi við ákvæði 152 gr. og 180. gr. sömu laga, og því verði hin ætlaða háttsemi ákærða með réttu eigi heimfærð undir 1. mgr. 217. gr. hegningarlaga, sbr. m.a. 18. gr. sömu laga, og þá eigi heldur undir 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, og þá m.a. með hliðsjón af ákvæði 2. mgr. 52. gr. laga nr. 88/2008. Þá vísaði verjandinn til þess að áhöld væru um að skilyrði væri fyrir hendi fyrir saksókn á máli þessu og þá á grundvelli almannahagsmuna, sbr. ákvæði 2. mgr. 217. gr. laga nr. 19/1940.

Verjandinn krefst þess til vara að refsing ákærða verði felld niður, ellegar að honum verði gerð vægasta refsing sem lög leyfa. Komi til fangelsisrefsingar ákærða verði hún skilorðsbundin, sbr. til hliðsjónar ákvæði 3. mgr. c-liðar 218. gr. laga nr. 19/1940. Þá krefst verjandinn þess að ákærði verði aðeins látinn bera hluta sakarkostnaðar. Loks krefst verjandinn þess að ákærði verði sýknaður af bótakröfu, ellegar að krafan verði lækkuð verulega, enda sé tjón brotþola með öllu ósannað.

Í öllum tilfellum krefst verjandinn greiðslu hæfilegra málsvarnarlauna samkvæmt framlögðu málskostnaðaryfirliti.

4. Við flutning málsins andmælti sækjandi, en einnig skipaður réttargæslumaður brotþola, kröfum, lagarökum og sjónarmiðum hins skipaða verjanda.

I.

Málavextir.

1. Samkvæmt frumskýrslu lögreglumannsins C, dagsettri 20. október 2020, og öðrum framlögðum gögnum, barst Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra tilkynning

frá brotþola, B, um ætlað heimilisofbeldi af hálfu föður hennar, ákærða, nefndan dag, kl. 18:10.

Í skýrslunni segir frá því að lögreglumaðurinn hafi verið fyrstur á vettvang, en í kjölfarið hafi fylgt tveir lögreglumenn, þ. á m. D, en einnig E, sérhæfður starfsmaður barnaverndar [...].

Í skýrslunni segir m.a. frá því að við komu nefnds lögreglumanns á heimili feðginanna hafi hann hitt fyrir ákærða, og er tekið fram að á þeirri stundu hafi hann ekki verið meðvitaður um tilkynningu brotþola. Greint er frá því að fljótlega eftir að lögreglumaðurinn kom á vettvang hafi hann séð til brotþola á herbergisgangi, í miklu uppnámi. Tekið er fram að á nefndri stundu hafi lögreglumaðurinn heyrt ákærða lýsa yfir vanþóknun sinni yfir því að brotþoli hefði í frekjugangi sínum hringt á lögreglu, en í því samhengi heyrt brotþola svara því til að ákærði hefði „meitt hana“ og m.a. rífið í hár hennar.

Í skýrslunni segir frá því að vegna ofangreindra aðstæðna hafi lögreglumaðurinn beðið brotþola að fara inn í eigið herbergi á meðan hann ræddi stuttlega við föður hennar, ákærða, í stofunni. Fram kemur að þessi ráðstöfun hafi gengið eftir, og jafnframt að við það tækifæri hafi lögreglumaðurinn hitt fyrir sambýliskonu ákærða, vitnið F, sem hafi upplýst að hún hefði ekki séð þann atgang sem varð á milli ákærða og brotþola í greint sinn, aðeins heyrt til þeirra, þ.e. rífrildi og læti.

Í skýrslunni segir frá því að lögreglumaðurinn hafi hlýtt á frásögn ákærða, og þar á meðal að brotþoli hefði „rífið kjaft yfir því að hafa ekki verið látin vita af kvöldmat, en að hann hefði þá snöggreiðst og farið með hana inn í herbergi.“ Tekið er fram að ákærði hafi ekki kannast við að hafa lagt hendur á brotþola, en haft á orði að „vissulega (hefði hann) ýtt henni inn í herbergið.“

Þá segir í skýrslunni að lögreglumaður hafi hlýtt á frásögn ákærða og sambýliskonu hans, um að hin síðustu misserin hefði brotþoli verið til mikilla vandræða á heimilinu, en að auki hefði hún viðhaft hættulega hegðan varðandi eigið líferni, og vegna þessa hefðu þau leitað liðsinnis barnaverndaryfirvalda.

Í niðurlagi lögregluskýrslunnar er greint frá efni þeirrar orðræðu sem fyrrnefnd lögreglukona og starfsmaður barnaverndarnefndar áttu við brotþola á vettvangi, og er tekið fram að við þær aðstæður hafi brotþoli grátið og verið í miklu uppnámi. Er haft eftir lögreglukonunni að brotþoli hafi m.a. greint frá aðdraganda þess atgangs, sem varð á millum hennar og ákærða, og þá á leið að hún hefði í kaldhæðni sagt við

hann: „Takk fyrir að láta mig vita af kvöldmatnum.“ Vegna þessa hafi ákærði reiðst og skipað henni að fara á ný til herbergis síns, en í framhaldi af því hefði hann ýtt henni inn í herbergið, rifið í hár hennar og ýtt við henni þannig að hún hefði fallið á gólfið, og síðan sparkað í bak og fótleggi hennar.

2. Samkvæmt gögnum kom lögregluvarðstjórinn G á vettvang skömmu á eftir fyrrnefndum lögreglumönnum. Liggur fyrir að hann gekkst m.a. fyrir því að brotþoli hakaði við tiltekna fullyrðingar í gátlista fyrir áhættumat vegna ætlaðs ofbeldis í nánu sambandi. Fyrir liggur að varðstjórinn kallaði í kjölfarið til rannsóknarlögreglumann, sem tók þá strax við rannsókn málsins, m.a. með skýrslutökum á vettvangi, sem voru hljóðritaðar. Var þannig tekin skýrsla af ákærða, kl. 19:42-19:56, og er tekið fram að fyrir hina eiginlegu skýrslugjöf hafi verið gætt réttarfarsákvæða, en einnig er skráð að ákærði hafi við það tilefni lýst því yfir að hann óskaði ekki eftir liðsinni tilnefnds verjanda. Þá var tekin vettvangsskýrsla af sambýliskonu ákærða, kl. 20:01-20:17. Loks var brotþoli yfirheyrð af rannsóknarlögreglumanninum umrætt kvöld í aðstöðu barnaverndarnefndar á [...], kl. 20:43-21:07.

Þessu til viðbótar tók rannsóknarlögreglumaðurinn ljósmyndir á vettvangi, þ. á m. í svefnherbergi brotþola, en í myndtexta segir m.a. frá því að á rúmi hennar hafi verið diskur, en einnig hár af höfði hennar.

Á meðal rannsóknargagna lögreglu eru hljóddiskar af fyrrnefndum yfirheyrslum, en einnig liggja fyrir nákvæmrar samantektarskýrslur þar um.

3. Samkvæmt gögnum lögreglu var brotþoli færð til læknisskoðunar umrætt kvöld á Heilsugæslustöðinni á [...]. Að lokinni skoðun var brotþola búinn næturstaður utan heimilis á vegum barnaverndarnefnar.

Samkvæmt gögnum fór brotþoli í framhaldi af lýstum aðgerðum lögreglu og barnaverndar á hið fyrra heimili sitt, hjá móður sinni, sem er búsett í byggðalagi á Norðurlandi. Verður ráðið af gögnum að þar hafi brotþoli haldið til æ síðan.

4. Í formlegu bréfi stjórnanda fjölskylduráðgjafar og barnaverndar í [...] til lögreglustjóra, dagsettu 23. október 2020, þar sem atvikum og aðgerðum starfsmanns barnaverndarnefndar á vettvangi er að nokkru lýst, er þess farið á leit að lögreglurannsókn málsins verði framhaldið.

5. Að tilhlutan lögreglu ritaði H læknir vottorð, sem dagsett er 29. október 2020. Í vottorðinu er greint frá áðurnefndri læknisskoðun brotaþola þannig:

„Skýr og fulláttuð. Sjáöldur jafnvíð og svarar ljósi beint og óbeint. Óþægindi við þreifingu á stað í hársverði rétt ofan við hæ. eyra en engin ytri áverkamerki sjáannleg á höfði eða andliti. Ekki ytri áverkamerki á brjóstakassa eða kvið. Það eru áverkamerki, á framhendleggjum beggja vegna og lærum beggja vegna; grunnir, eilítið upphleyptir, vel grónir skurðir, sem B kveðst hafa veitt sér sjálf, samrýmast eldri áverkum. Ekki önnur áverkamerki á útlimum.

Álit: Við áverkaskoðun 2,5 klst eftir áverka eru ekki sjáanleg ytri áverkmerki. Það eru eymsli til staðar við þreifingu í hársverði hæ. megin. Eldri áverkar á framhendleggjum og lærum vegna sjálfskaða.“

6. Óumdeilt er í máli þessu að ákærði dvaldi um nokkurt árabil erlendis. Hann fluttist til landsins á árinu 2015, en fljótlega eftir heimkomuna munu hafa tekist kynni með honum og vitninu F, og hófu þau sambúð í febrúar 2016. Samkvæmt því sem fram kom við meðferð málsins á ákærði, auk brotaþola, tvö önnur börn, sem fædd eru á árunum [...] og [...].

Þegar atvik þessa máls gerðust höfðu ákærði og vitnið F um skeið bæði unnið vaktavinnu utan heimilis í heimabyggð sinni.

Eins og áður sagði ólst brotaþoli upp á heimili móður sinnar, í sveitarfélagi á [...]. Í júnímánuði [...], þegar brotaþoli var liðlega 12 ára, fluttist hún búferlum til föður síns, og var hún því til heimilis hjá ákærða og sambýliskonu hans á [...] þegar atvik máls þessa gerðust. Verður ráðið af gögnum að búferlaflutningarnir hafi m.a. komið til vegna erfiðra aðstæðna og atvika á heimili móður brotaþola.

Ákærði er með sameiginlegt forræði yfir brotaþola með móður hennar. Á heimili ákærða hafði brotaþoli eigið herbergi til umráða.

II.

Skýrslur fyrir dómi og við meðferð málsins.

1. Ákærði hefur við meðferð málsins fyrir dómi, eins og fyrr sagði, neitað refsiverðri sök.

Fyrir dómi staðfesti ákærði að nokkru það sem eftir honum var haft í áðurrakinni frumskýrslu lögreglu, en hann áréttaði jafnframt að vegna óviðunandi framkomu brotaþola í greint sinn hefði honum runnið í skap. Af þeim sökum hefði hann staðið upp frá borðum, en í framhaldi af því hefði komið til þess atgangs, sem varð til þess að lögreglumenn, ásamt starfsmanni barnaverndar, komu á vettvang.

Að því er varðaði verknaðarlýsingu í ákæru staðhæfði ákærði að þar væri ekki að öllu leyti rétt greint frá og sagði hann m.a. „... að þetta með sparkið er ekki alveg rétt.“ Um þann þáttinn í atburðarásinni hafði hann svofelld orð: „Þetta er svona meira að ég hafi sett löppina á móti hennar löpp í þessum æsing sem varð, ... þá lá hún á gólfinu og var að sparka frá sér og ég sparkaði á móti, eða setti löppina á móti.“ Þá andmælti ákærði verknaðarlýsingunni að því er varðaði ætlaða áverka brotaþola fyrir ofan hægra eyra, og staðhæfði að þau eymsli hennar hefðu a.m.k. ekki verið af hans völdum, þar sem hann hefði ekki komið við hana á því svæði. Að öðru leyti játaði ákærði verknaðarlýsinguna rétta, þ. á m. að hann hefði í reiði sinni tekið um axlir brotaþola, en þó ef til vill ekki rifið í hana heldur fremur ýtt henni inn í svefnherbergið hennar og niður í rúmið.

Fyrir dómi staðhæfði ákærði að aðdragandinn að þeim atburði sem vísað er til í ákæru hafi verið nokkur, sbr. það sem hér að framan var að nokkru vikið að. Ákærði greindi og frá því að tiltölulega fljótlega eftir að brotaþoli flutti á heimili hans og sambýliskonu hans hefði hún farið að sýna óviðunandi framkomu. Hann nefndi í því sambandi að brotaþoli hefði tekið ófrjálsri hendi snyrtivörur frá sambýliskonu hans, en að auki hefði borið á því að hún hefði tekið vín úr áfengisflöskum, svo og nikótínvörur, sem þau hefðu stundum átt. Þá kvað hann brotaþola ekki hafa fylgt eðlilegum húsreglum, m.a. varðandi heimilisstörf, þrátt fyrir að reynt hafi verið að gera vel við hana. Þessu til viðbótar hefði hún m.a. ítrekað boðið vinum sínum inn á heimilið, þ.e. á þeim tíma sem þau hefðu þurft á svefni að halda vegna vaktavinnunnar. Loks kvað ákærði brotaþola hafa tekið upp á því að hreyta í þau fúkyrðum og staðhæfði að almennt hefði hún sýnt þeim mikla vanvirðingu og að hegðan hennar hefði sífellt farið versnandi.

Ákærði kvaðst hafa gripið til þess ráðs, vegna lýsts ástands og framkomu brotaþola, að fara með hana til sálfræðings haustið 2019 og sagði að þegar það gerðist hefði vanlíðan brotaþola verið orðin sýnileg. Þar við hefði bæst dræm skólasókn og ofbeldishegðun hennar gagnvart vinkonu í byggðalaginu. Ákærði greindi jafnframt

frá því að rétt áður en atvik þessa máls gerðist hefði brotþoli hafið sérhæfða meðferð, svonefnda MST-meðferð, sem hafi verið ætluð ungmennum sem glíma við mikinn hegðunarvanda. Sagði ákærði að síðastgreinda úrræðið hefði verið á vegum Barnaverndarstofu.

Um nánari atvik máls síðdegis þann 20. október 2020 sagði ákærði að aðstæður hefðu verið með þeim hætti, að hann hafi nýlega verið vaknaður, enda hefði hann verið að fara til vinnu sinnar. Á þeirri stundu hefði sambýliskona hans verið búin að útbúa kvöldmatinn, og því hefðu þau setið saman í eldhúsinu. Við þessar aðstæður hefði brotþoli komið að, en verið í mjög vondu skapi og þá sökum þess að þau hefðu ekki látið hana vita að maturinn væri tilbúinn. Ákærði sagði að brotþoli hefði hreytt í þau fúkyrðum, þ. á m. hefði hún kallað hann „ógeð og fitubollu.“ Ákærði áréttaði að þetta hefði í raun ekki verið eina tilvikið sem brotþoli hefði verið með slík orð á vörum, en bar að á þessu augnabliki hefði brotist út hjá honum uppsöfnuð reiði. Framhaldinu lýsti hann þannig: „Og þá snöggreiddist ég og ýtti henni inn í herbergi, og hún hérna, fellur í rúmið, og ég hérna læta hana þannig séð heyra það fyrir hegðun hennar ... ýti henni ofan í rúmið og svo fellur hún í gólfíð og þá fer hún að sparka frá sér og ég set löppina fyrir mig, á mótí, og við það fer ég út úr herberginu.“ Ákærði sagði að hin síðastgreindu viðbrögð hans hefðu eiginlega verið í sjálfsvörn, þ.e. „löpp á mótí löpp.“

Ákærði ætlað að viðvera hans í herbergi brotþola í greint sinn hefði varað í um 1 til 2 mínútur, og bar að skömmu eftir þetta hefði lögreglan og barnavernd komið á vettvang.

Nánar aðspurður um lýstan atgang kvaðst ákærði hafa haldið brotþola í rúminu í smá tíma og staðhæfði að við þær aðstæður hefði brotþoli „spriklað“ en fallið á gólfíð þegar hann hefði sleppt tókum sínum. Ákærði áréttaði að hann hefði enga vitneskju um fyrrnefnd eymsli brotþola aftan við hægra eyra. Þá kvaðst hann ætla að brotþoli hefði fyrst farið að gráta eftir að hann var farinn út úr herberginu, og sagði: „Hún kom alla vegana grátandi fram þegar lögreglan kom ... og hún var í uppnámi.“

Fyrir dómi sagði ákærði að hann hefði að líkindum farið yfir strikið í viðbrögðum sínum gagnvart brotþola í greint sinn og þá vegna eigin reiði. Ákærði staðhæfði að vegna þessa iðraðist hann gjörða sinna og hefði liðið illa. Og vegna þessa alls hefði hann sent brotþola afsökunarbeiðni, en hún ekki fallist á hana. Þá hefði hún á síðari stigum hafnað sáttameðferð hjá lögreglu.

Fyrir dómi var ákærða kynnt efnisatriði fyrrnefndrar framburðarskýrslu hans fyrir lögreglu. Ákærði staðfesti að skýrslan hefði verið tekin á heimili hans, um klukkustundu eftir að atvik máls gerðust, og kannaðist jafnframt við að við yfirheyrsluna hefði hann viðurkennt að í samskiptunum við brotþola í greint sinn hefði hann misst stjórn á skapi sínu vegna framkomu hennar. Í því viðfangi áréttaði ákærði að þar hefði m.a. komið til uppsöfnuð reiði hans, og þá vegna leiðinlegrar framkomu og yfiringangs hennar. Ákærði staðfesti jafnframt þau orð í skýrslunni að vegna fyrrgreindra orða brotþola í eldhúsinu hefði allt farið í háaloft þeirra í millum, en í lögreglskýrslunni lýsti hann eigin viðbrögðum m.a. þannig: „Ég segi henni bara að hætta að tala við mig, því að hún sagði það við mig í dag þegar ég var að reyna að tala við hana, en þá fór hún bara að kalla mig nöfnum, og þá reiddist ég eða já sprakk ég.“

Fyrir dómi staðfesti ákærði að í kjölfar fúkyrðaflaums brotþola og orðaskipa þeirra í millum hefði hann farið vel yfir strikið, sem að lokum hefði endað með handalögmálum í herbergi brotþola. Ákærði vísaði til þess að hann hefði í nefndri atburðarás haft möguleika á því að „labba út eða þannig.“

Fyrir dómi var ákærða sérstaklega kynnt efnisatriði úr yfirheyrsluskýrslunni, þ.e. að hann hefði hent brotþola inn í herbergi og þar hefði hann örugglega tekið nokkuð harkalega á henni, um báðar axir, og að við þær aðstæður hefði hann eftir atvikum líka tekið í hár hennar. Ákærði vefengdi ekki þessa frásögn og lýsingu og bar að hann hefði í greint sinn sprottið upp úr sæti sínu við eldhúsbordið og síðan farið á eftir brotþola þar sem hún hefði verið á leið inn ganginn, með matardiskinn, og þá á leið sinni inn í það herbergi sem hún hafði til umráða á heimilinu. Var það ætlan ákærða að nefnd leið hefði verið um átta metrar. Ákærði sagði að á nefndri stundu hefði það verið ætlan hans að láta brotþola heyra það og þá vegna þeirrar vanvirðingar sem hún hefði haft í frammi gagnvart honum og sambýliskonu hans. Ákærði áréttaði að þegar hann hefði náð til brotþola hefði hann tekið um axlir hennar og ýtt henni inn í herbergið. Var það ætlan hans að þar hefði brotþoli lagt matardiskinn frá sér á rúmið, sbr. það sem sjá má á fyrrnefndum ljósmyndum lögreglu. Ákærði staðfesti að þessu leyti svohljóðandi efnisatriði og lýsingu á eigin gjörðum í nefndri lögregluskýrslu, þ.e.: „... þá bara reif ég í hana (brotþola) og hélt henni niðri, ég var ekki alveg, ég var dálítið reiður og hugsunin var ekki alveg í gangi.“ Nánar aðspurður af rannsakara við yfirheyrsluna sagðist ákærði ekki alveg muna hvar hann hafi tekið í (brotþola)

þarna, en staðhæfði aftur á móti að hann hefði ekki slegið til hennar við nefndar aðstæður. Ákærði staðhæfði við lögregluþyrirheyrsluna að álíka atburður hefði ekki gerst áður í samskiptum þeirra feðgina, þó svo að það hefði áður komið til þess að hann hefði skipað henni að fara inn í herbergið, og þá fylgt henni eftir, „... og þá á rólegri nótunum“ heldur en þarna gerðist.

Fyrir dómi var ákærða loks kynntur sá kafli í lögregluskýrslunni, sem varðaði svar hans við spurningu rannsakara um hvort hann hefði sparkað í brotaþola, eftir að hún hafði fallið á gólfið í herberginu. Ákærði svaraði spurningunni þannig: „Já, ég sparkaði aðeins, en ekki fast samt ... en ekkert laust heldur ... bara einu sinni ... ég er ekki alveg viss hvort að það hafi verið lærið, eða ... hún var þá á gólfinu ...“ Og aðspurður af rannsakara kvaðst ákærði ekki geta sagt til um hvort brotaþoli hefði fengið áverka vegna þessara sparka hans.

Fyrir dómi staðhæfði ákærði að hin síðastgreinda frásögn í yfirheyrsluskýrslunni væri í raun ekki rétt, en þar um vísaði hann til þess sem rakið var hér að framan. Hann staðhæfði jafnframt að atvik máls hefðu rifjast frekar upp fyrir honum tiltölulega fljótlega eftir lögregluþyrirheyrsluna. Vísaði ákærði til þess að þegar hinn síðastgreindi atburður gerðist hefði brotaþoli legið á herbergisgólfinu og spriklað með fótunum, og sagði að því hefði það að líkindum ekki verið eiginlegur ásetningur hennar að sparka í hann. Ákærði áréttaði á hinn bóginn hin fyrri orð sín, að við nefndar aðstæður hefði hann rétt fót sinn á móti „sprikli“ brotaþola.

2. Brotaþoli, B, skýrði frá því fyrir dómi að vikurnar fyrir þann atburð sem vísað er til í ákæru lögreglustjóra hefði hún og ákærði átt í miklum deilum, en jafnframt staðhæfði hún að þegar atvik máls gerðust hefði ákærði verið alveg óvenju reiður. Þar um vísaði hún til þess að fyrr um daginn hefði hún farið með ákærða í bifreið í nálægt byggðalag, og þá sökum þess að þar hefði hún átt að hitta fyrir sálfræðing. Hún sagði að samskipti þeirra feðgina í ökuferðinni hefðu verið mjög stirð, og bar að ákærða hefði m.a. ekki líkað orðræða hennar og reiðst mjög, og sagði að hann hefði í framhaldi af því tínt allt það til sem hún hefði gert rangt að hans mati. Eftir sálfræðiviðtalið kvað hún ákærða hafa ekið henni í skólann á [...], en þegar hún hafi komið á heimili þeirra síðar um daginn hefði hann enn verið í vinnunni. Hún kvaðst því hafa haldið til í eigin herbergi, en orðið þess vör þegar ákærði hefði komið inn á heimilið. Og skömmu síðar kvaðst hún hafa farið fram til þess að fá sér mat, en þá séð

að ákærði og sambýliskona hans, vitnið F, hefðu þegar verið byrjuð að matast. Fyrir dómi lýsti brotþoli atvikum máls nánar þannig: „... ég var eitthvað pirruð, ... ógeðslega pirruð ... af því að þau kölluð mig ekki fram ... og ég kallaði hann ljót orð, ég kallaði hann ógeð.“ Í framhaldi af þessum orðum sínum kvaðst brotþoli hafa tekið sér mat á disk, en síðan lagt leið sína eftir ganginum og þannig farið á leiðis aftur að eigin herbergi, og sagði: „Og síðan heyri ég í honum (ákærða) labbandi á eftir mér, og ég alveg fríka út og legg niður diskinn á rúmið. ... Og ég veit alveg hvernig hann labbar þegar hann er reiður ... hann labbar svona harkalega. ... Og ég sný mér svona rétt svo við, en þá tekur hann svona í mig, í öxlina og kippir einhvern vegin í hárið á mér ... svona aftan á hnakkanum ... hann kippti í mig ... dregur mig niður á gólfið.“

Nánar aðspurð um atvik máls í herberginu sagði brotþoli að ákærði hefði tekið í framhandlegg hennar, en um leið kippt í hana og snúið henni, en samhliða haldið í öxl hennar og ýtt henni til, en þá einnig haldið um hár hennar. Við þessar aðstæður kvaðst hún hafa fundið fyrir máttleysi í fótum, og ætlaði helst að hún hefði í falli sínu á gólfið rekið höfuðið eða öxlina smávegis í rúmið. Ítrekað aðspurð kvaðst brotþoli ekki minnast þess að hafa fengið spörk frá ákærða í lýstum atgangi og þá ekki eftir að hún hafði fallið á gólfið. Aftur á móti kvað hún sig frekar ráma í það að ákærði hefði eitthvað lamið til hennar, og kvaðst hún raunar vilja fullyrða að svo hefði verið. Nánar aðspurð kvaðst hún ekki alveg geta sagt til um hvar á líkamann ákærði hefði slegið hana, enda hefði hún verið með lokuð augun þegar þarna var komið sögu. Brotþoli greindi frá því að á meðan á atganginum stóð hefðu verið mikil læti og hávaði, enda hefðu hún og ákærði öskrað á hvort annað.

Nánar aðspurð kvaðst brotþoli helst minnast þess að þegar atgangurinn var enn í gangi í herberginu hennar, og þegar hún hafi legið á gólfinu, hefði ákærði haldið í hár hennar og samhliða reynt að toga hana til, en hún verið í varnarstillingu, en þó án þess að sparka frá sér.

Fyrir dómi kvaðst brotþoli eiga erfitt meða að rifja þennan atburð upp og sagði að það hefði verið líkt því sem að heili hennar hefði lokað fyrir þessa lífsreynslu, og að því leyti staðfesti hún sambærileg orð þar um hjá lögreglu. Í því samhengi vísaði brotþoli til þess að þegar atvik máls gerðust hefði hún verið mjög hrædd, og af þeim sökum kvaðst hún ekki geta sagt til um hversu lengi atgangurinn varði. Hún kvaðst einna helst minnast þess að eftir atganginn hefði hún þurft að leita að eigin síma, sem hefði skotist undir rúmið, og svo þegar hún hefði hringt á lögregluna. Þá kvaðst hún

minnast þess að hafa fundið fyrir því að laust hár hefði verið í hnakka hennar, og staðhæfði að það hefði komið til vegna fyrrnefnds atgangs ákærða. Loks kvaðst hún minnst þess þegar ákærði hefði litið ásakandi á hana og bar að það hefði gerst þegar lögreglan kom fyrst á vettvang.

Brotapoli skýrði frá því að hún hefði strax á vettvangi fengið stuðning frá starfsmanni barnaverndarnefndar og bar að í framhaldi af því hefði hún helst fundið fyrir reiði og sorg, frekar en hræðslu. Hún kvaðst við nefndar aðstæður hafa greint barnaverndarstarfsmanninum, en einnig lögreglukonu, frá lýstri atburðarás.

Brotapoli kannaðist við að hafa gefið skýrslu hjá lögreglu um atvik máls þetta umrædda kvöld. Fyrir dómi var brotapola kynnt efni skýrslunnar, og þar á meðal að hún hefði skýrt frá því að ákærði hefði gengið á eftir henni inn ganginn eftir að hún hafði látið fyrrgreind orð falla í eldhúsinu, og að hann hefði náð henni nærri baðherbergishurðinni og þá ýtt á öxl hennar, en eftir það snúið frá henni. Og við þessar aðstæður hefði hún endurtekið fyrrgreind orð sín, en að þá hefði ákærði snúið við og hlaupið til hennar. Hún hefði er þetta gerðist verið komin inn í herbergið, en að eftir það hefði fyrrgreindur atgangur orðið. Fyrir dómi staðhæfði brotapoli að þessi síðastgreinda frásögn hennar væri rétt, enda hefði hún munað atvik máls betur við skýrslugjöfina hjá lögreglu. Hún áréttaði jafnframt að fyrir hinn eiginlega atgang í herberginu hefði hún náð að setja frá sér matardiskinn.

Fyrir dómi var brotapola kynnt það efnisatriði í lögregluskýrslunni, að ákærði hefði sparkað í líkama hennar eftir að hún hafði fallið á herbergisgólfið, þ.e. „á fullu ... í fætur og bakið en ... að það hefði ekki verið það fast að það kæmu för eftir það,“ og loks að hún hefði við nefndar aðstæður fengið kúlu aftan við hægra eyrað og í því sambandi nefnt að hún hefði rekið höfuðið í eitthvað.

Vegna hinna síðastgreindu orða í yfirheyrsluskýrslu lögreglu staðhæfði brotapoli fyrir dómi að háttsemi ákærða hefði rifjast upp fyrir henni við nefnda kynningu, og staðhæfði hún að skýrslan væri efnislega rétt. Nánar aðspurð staðhæfði brotapoli að þegar hún hefði legið á gólfinu hefði frekar verið um ýtingar að ræða af hálfu ákærða, en ekki eiginleg spörk. Var það ætlan brotapola að hún hefði fengið fyrrnefnda kúlu á höfðuðið þegar hún hefði fallið á gólfið. Hún áréttaði jafnframt að eftir það hefði ákærði dregið hana til á gólfinu og þá með því að halda um hárið í hnakka hennar.

Aðspurð um áverka eftir háttsemi ákærða staðhæfði brotapoli að hún hefði fengið einhverja bólgu á aðra öxlina, og þá eftir að hafa fallið á herbergisgólfið. Það var ætlan

hennar að sá læknir sem skoðaði hana hefði ekki séð þann áverka hennar, en hún kvaðst ekki hafa verið margmál við læknisskoðunina, að öðru leyti en því að hún hefði minnst á höfuðverk.

Fyrir dómi skýrði brotþoli frá því að hún hefði fengið aðstoð hjá barnaverndarnefnd í heimabyggð sinni á [...] vegna ofangreinds atburðar. Jafnframt greindi hún frá því að nýverið hefði hún hafið nám í framhaldsskóla. Hún kvaðst á hinn bóginn ekki hafa verið í neinum samskiptum við föður sinn, ákærða, eftir nefndan atburð, enda talið að afsökunarbeiðni hans í netskilaboðum hefði ekki verið sett fram af heilum hug, og því bæri hún ekki traust til hans.

3. Vitnið F, sambýliskona ákærða, skýrði frá því fyrir dómi að brotþoli hefði komið á heimilið sumarið [...] og bar að allt hefði gengið vel fyrsta árið. Eftir það hefði framkoma og viðmót brotþola farið versnandi, þ. á m. í orðum, en að auki hefði slík hegðan hennar m.a. birst í nær algjöru tillits- og virðingarleysi. Staðhæfði vitnið að vegna þessa hefði verið mjög erfitt að hafa brotþola á heimilinu.

Vitnið skýrði frá því að umræddan dag, 20. október 2020, hefði brotþoli komið heim úr skólanum um kl. 14:00, en það kvaðst þá hafa orðið þess vart að hún sofnaði í herberginu sínu. Vitnið kvað ákærða hafa lagt sig síðdegis og þá vegna væntanlegrar næturvaktar. Við þessar aðstæður kvaðst vitnið hafa útbúið kvöldverð, og á þeirri stundu ætlað að brotþoli myndi borða þegar henni helst hentaði. Vísaði vitnið í því samhengi til þess að oft hefði reynst erfitt að vekja brotþola við svipaðar aðstæður. Vitnið sagði að aðstaðan hefði því verið þannig að það hefði verið að borða kvöldverðinn ásamt ákærða þegar brotþoli hefði birst „brjáluð“ og tekið sér mat á disk, en í beinu framhaldi af því sagt eftirfarandi setningu: „Takk fyrir að láta mig vita að það sé matur, ógeðin ykkar.“ Vitnið sagði að brotþoli hefði að þessum orðum sögðum gengið með eigin matardisk áleiðis að eigin herbergi, en viðbrögðum ákærða lýsti það þannig: „... og þá labbar hann (ákærði) á eftir henni og hendir henni inn í herbergið greinilega, ég náttúrulega sit við eldhúsborðið ... þannig að ég sé ekkert hvað er í gangi.“ Vitnið sagði að ákærði hefði greinilega reiðst vegna framkomu brotþola, og bar að hann hefði gengið rösklega á eftir henni, en áréttaði að það hefði ekki séð viðskipti þeirra tveggja á ganginum eða inni í herbergi brotþola. Það kvaðst þannig aðeins hafa heyrt lætin í þeim, þ.e. þegar þau hefðu verið að öskra á hvort

annað, og þegar ákærði hefði skipað henni að „hætta þessu.“ Vitnið ætlaði að lögreglan hefði komið á vettvang um 5-10 mínútum eftir að atganginum lauk.

4. Vitnið C, lögreglumaður nr. [...], staðfesti fyrir dómi efni áðurrakinnar frumskýrslu. Vitnið lýsti atvikum máls með sambærilegum hætti og þar er rakið, og þar á meðal varðandi fyrstu viðbrögð og orð ákærða og brotaþola við komu þess á vettvang, en einnig að því er varðaði orð ákærða um ætluð málsatvik. Aðspurt kvaðst vitnið ekki hafa séð áverka á brotaþola, enda ekki gætti að þeim. Í því viðfangi áréttaði vitnið að það hefði í rauninni haft lítil samskipti við brotaþola, enda hefði það komið í hlut lögreglukonu og barnaverndarstarfsmanns. Vitnið kvaðst hafa verið á vettvangi í u.þ.b. klukkustund.

5. Vitnið D, lögreglumaður nr. [...], greindi frá því fyrir dómi að þegar það hafi komið á vettvang í greint sinn hefði lögreglumaðurinn D verið þar fyrir, og verið í viðræðum við ákærða. Vitnið kvaðst því hafa farið til brotaþola, ásamt starfsmanni barnaverndarnefndar, þar sem hún hefði verið í eigin herbergi, og þá strax séð að hún var þar í mjög miklu uppnámi, og sagði þar um: „Hún skalf öll og átti mjög erfitt með að segja mér frá hvað hafði gerst, svona fyrst.“ Vitnið kvaðst eftir hin fyrstu samskipti hafa hlýtt á frásögn brotaþola um ætluð málsatvik, og þá m.a. að hún hefði farið fram í eldhúsið til þess að fá sér kvöldmat, að þar hefði hún látið í ljós óánægju sína og þá vegna þess að ákærði hefði ekki látið hana vita að maturinn hefði verið tilbúinn. Jafnframt kvaðst vitnið hafa heyrt lýsingu brotaþola af viðbrögðum ákærða, og þá þannig að hann hefði reiðst, að hann hefði jafnframt ýtt henni „... inn í herbergið þar sem að hún hefði dottið. Hann hefði þá rífið í hárið á henni, sparkað í bak og fætur.“ Nánar aðspurt sagði vitnið að brotaþoli hefði haft orð á því að hún hefði fengið áverka vegna háttsemi ákærða. Vitnið kvaðst hins vegar ekki hafa séð áverkana fyrir utan það að brotaþoli hefði sýnt því ætluð áverkamerki á baki og sagði: „Það var smá roði, en ekkert meira en það.“ Vitnið ætlaði að samskipti þess við brotaþola í herberginu hefðu varað í um 20 mínútur, en það kvaðst hafa veitt því eftirtekt að sæng var þar á gólfinu og matardiskur á náttborðinu.

6. Vitnið E, starfsmaður barnaverndar í [...], skýrði frá því fyrir dómi að það hefði í greint sinn farið á heimili ákærða, þ.e. eftir að tilkynning hafði borist frá lögreglu.

Við komu á vettvang kvaðst vitnið í fyrstu hafa rætt stuttlega við ákærða og sambyliskonu hans, og m.a. hlýtt á frásögn þeirra um stóryrði brotaþola í tengslum við kvöldverðinn. Vitnið kvaðst að þessu búnu hafa hitt brotaþola fyrir þar sem hún hefði verið í eigin herbergi, en það lýsti ástandi hennar þannig: „Hún var í mjög miklu uppnámi og grét mjög mikið og átti erfitt með að tala í fyrstu, en náði sér svo á strik.“ Vitnið kvaðst m.a. hafa rætt við brotaþola einslega og bar að það hefði í framhaldi af því hlýtt á frásögn hennar um hina ætluðu atburðarás, og þar á meðal um að hún hefði viðhaft kaldhæðnisleg orð við kvöldverðarborðið, um reiðiviðbrögð ákærða, og að hann hefði elt hana áleiðis að herberginu hennar og tekið þar í öxl hennar, og að hún hefði af því tilefni sagt við hann: „Focking ógeðið,“ en við svo búið haldið för sinni áfram og farið inn í herbergið. Þá kvaðst vitnið hafa hlýtt á frásögn brotaþola um framhaldið, og þá um að ákærði hefði fylgt henni eftir, en hún náð að henda matardiski sínum á rúmið sitt, þ.e. áður en ákærði hefði tekið í hár hennar, og þá með þeim afleiðingum að hún hefði fallið á gólfíð, en að eftir það hefði ákærði sparkað í hana. Vitnið sagði að brotaþoli hefði aðspurð svarað því til að ákærði hefði aldrei áður beitt hana líkamlegu ofbeldi, en aftur á mót oft steytt að henni hnefa. Vitnið sagði að veruleg óhreinindi hefðu verið í herbergi brotaþola í greint sinn, en það var ætlan þess að það hefði m.a. séð matardisk í rúminu ellegar á borðinu þar hjá. Að öðru leyti hefði þar allt verið í óreiðu og þannig hefði eftir atvikum verið um dæmigert unglíngaherbergi að ræða. Vegna þessa sagðist vitnið hafa átt erfitt með að átta sig á því hvort átök hefðu átt sér þar stað í herberginu.

Aðspurt um ætlaða áverka brotaþola sagði vitnið að við ofan nefndar aðstæður hefði það séð brotaþola „... toga einhverja hárlökka úr hárinu á sér“ og bar að hún hefði jafnframt haft á orði að hún væri með kúlu á höfðinu og þá eftir að hafa dottið. Nánar aðspurt kvaðst vitnið ekki minnst þess að hafa séð eiginlega áverka á brotaþola, en sagði: „Mig minnir að hún hafi sýnt mér einhverja kúlu, en ég man ekki hvort að ég hafi séð það greinilega.“

Vitnið kvaðst hafa verið með brotaþola á vettvangi í yfir klukkustund, en í framhaldi af því farið með hana í læknisskoðun, og loks gert ráðstafanir, í samráði við ákærða, um að hún dveldi fjarri heimilinu þá um nóttina.

7. Vitnin G, varðstjóri og lögreglumaður nr. [...], skýrði frá því fyrir dómi að það hefði komið á vettvang á eftir þeim tveimur lögreglumönnum, sem fyrstir komu að

málum. Vitnið kvaðst hafa hitt ákærða fyrir og sagði að hann hefði verið mjög rólegur í fasi. Vitnið kvaðst einnig hafa hitt brotþola fyrir í herbergi, og bar að hún hefði greinilega verið í uppnámi og grátið, en það ályktað af þeim sökum að eitthvað mikið hefði verið búið að ganga á. Í lauslegu samtali kvaðst vitnið hafa hlýtt á frásögn brotþola um að faðir hennar, ákærði, hefði lagt á hana hendur, og að hann hefði ýtt eða hrint henni í gólfið, en einnig rifið í hárið á henni og loks sparkað eitthvað í bak hennar. Vitnið staðfesti að öðru leyti gögn málsins, og þar á meðal ritun á áðurnefndum áhættugátlista.

8. I, rannsóknarlögreglumaður og lögreglufulltrúi nr. [...], staðfesti fyrir dómi gerð fyrrnefndra yfirheyrsluskýrslna svo og önnur rannsóknargögn, þar á meðal töku ljósmyndar.

9. Vitnið J, stjórnandi félagsþjónustu og barnaverndar í [...], staðfesti fyrir dómi áðurgreint bréf til lögreglu. Vitnið vísaði til þess að málefni brotþola hefði ekki verið á þess könnu, og bar að máli hennar hefði verið vísað til barnaverndar sambærilegar stofnunar í heimabyggð eftir að hún fluttist á heimili móður sinnar.

10. Vitnið H, almennur læknir, áður starfsmaður á Heilsugæslustöðinni á [...], staðfesti efni áðurrakins læknisvottorðs. Vitnið kvaðst helst minnst þess að við skoðun þess hefðu áverkar brotþola verið í hársverði, „eins og eftir hárreitingu.“ Nánar aðspurt sagði vitnið að þessi áverkamerki hefðu verið í samræmi við lýsingu brotþola, en áréttaði að ekki hefðu verið um bein merki að ræða. Vitnið sagði að brotþoli hefði verið fámál um atvik máls.

IV.

1. Í máli þessu er ákærða gefið að sök hegningarlagabrot og brot gegn barnaverndarlögum, með því að hafa síðdegis 20. október 2020, á þáverandi sameiginlegu heimili hans og brotþola, sem þá var 14 ára gömul, reiðst henni og tekið í axlir hennar og ýtt henni inn í svefnherbergi hennar og þar rifið í hana og ýtt henni svo að hún féll í gólfið og haldið henni þar niðri og sparkað a.m.k. einu sinni í fætur hennar eða læri, með þeim afleiðingum að hún hlaut eymsli fyrir ofan hægra eyra og varð hrædd og fór að hágráta, en allt framangreint var ruddalegt og særandi gagnvart stúlkunni.

Í ákæru er háttsemin talin varða við 1. mgr. 217, almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. breytingarlög. Er um að ræða ákvæði um minni háttar líkamsárás.

Jafnframt er háttsemi ákærða talin varða við 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, sbr. breytingarlög.

Í 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaganna segir að hver sem sýnir barni yfirgang, ruddalegt eða ósiðlegt athæfi, særir það eða móðgar skuli sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

Ákvæði 1. mgr. 217. gr. hegningarlaganna hljóðar svo:

„Hver, sem gerist sekur um líkamsárás, enda sé hún ekki svo mikil sem í 218. gr. segir, skal sæta sektum eða fangelsi allt að 6 mánuðum, en fangelsi allt að 1 ári, ef háttsemin er sérstaklega vítaverð.“

2. Samkvæmt c-lið 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála skal í ákæru greina svo glöggst sem verða má hver sú háttsemi er sem ákært er vegna, hvar og hvenær brotið er talið framið, heiti þess að lögum og aðra skilgreiningu og loks heimfærslu þess til laga.

Í dómaframkvæmd hafa fyrirmæli nefnds lagaákvæðis helst verið skýrð svo að verknaðarlýsing í ákæru verði að vera það greinargóð og skýr að ákærði geti ráðið af henni hvaða refsiverðu háttsemi honum er gefin að sök og við hvaða lagaákvæði hann er talinn hafa gerst brotlegur.

Að álit dómsins er fullnægt ofangreindum formaskilyrðum í ákæruskjali lögreglustjóra í máli þessu, sbr. að því leyti m.a. a-f liðir 152. gr. laga nr. 88/2008, enda verður ákærði ekki sakfelldur fyrir aðra hegðun en þar greinir, sbr. 1. mgr. 180. gr. laga nr. 88/2008.

Verjandi ákærða hefur vísað til þess að almenningshagsmunir hafi eigi krafist málsóknar, líkt og hér hafi á staðið, sbr. 2. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1981.

Fyrir liggur að ákæruvaldið mat það svo að almenningshagsmunir krefðust þess að mál þetta yrði höfðað. Felur sú ákvörðun í sér beitingu ákæruvalds á valdheimildum á grundvelli laga og getur eðli máls samkvæmt ekki sætt

endurskoðun dómstóla, sbr. m.a. dóma Hæstaréttar í máli nr. 140/2011 og máli nr. 578/2011.

Að ofangreindu virtu eru að áliti dómsins ekki efni til þess að líta til ofangreindra sjónarmiða og athugasemda ákærða, en verjandi hans krafðist heldur eigi frávísunar málsins.

3. Ákærði neitar refsiverðri sök í máli þessu, eins og hér að framan hefur verið lýst.

Samkvæmt 108. gr. og 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála hvílir sönnunarbyrðin um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag á ákærvaldinu og er dómi skylt að meta hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði, sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, þar á meðal hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða og vitna hafi, skjöl og önnur sýnileg gögn. Þá er í 2. mgr. 109. gr. laganna mælt fyrir um að dómur meti hvert sönnunargildi þær staðhæfingar hafa sem varða ekki beinlínis það atriði sem sanna skal, en ályktanir megi leiða af um það. Í þessu viðfangi ber einnig að líta til annarra atriða og þá m.a. að því er varðar sönnunargildi vitnisburðar, en þar ber að lögum, sbr. ákvæði 126. gr. laga nr. 88/2008, að huga að afstöðu vitnis til ákærða og eftir atvikum brotþola. Loks ber í dómi að meta við úrlausn máls sönnunargildi framburðar ákærða, þar á meðal trúverðugleika hans. Í því sambandi skal m.a. hugað að ástandi og hegðun ákærða við skýrslugjöf og stöðugleika í frásögn hans, sbr. ákvæði 1. mgr. 115. gr. nefndra laga.

4. Ákærða og brotþola, en einnig vitninu F, sambýliskonu ákærða, ber í öllum meginatriðum saman um aðdraganda þess sem gerðist á sameiginlegu heimili þeirra í umrætt sinn. Þannig er samhljómur með þeim um að upphafið hafi verið þau fúkyrði sem brotþoli lét að þeim falla í eldhúsinu. Við alla meðferð málsins hefur ákærði og staðhæft að vegna þessa hafi hann snöggreiðst, en í framhaldi af því risið upp úr stól sínum, en síðan farið í nokkurri skyndingu á eftir brotþola þar sem hún hafi verið á leið sinni eftir gangi og þá að eigin herbergi, en þá haft matardiskinn sinn meðferðis.

Ákærði og brotþoli eru ein til frásagnar um það sem gerðist á nefndri leið og síðan í herbergi brotþola. Er til þess að líta að við meðferð málsins hafa þau bæði greint frá nokkru minnisleysi um nánari atvik máls. Verður ráðið að þar hafi komið til hugaræsingur þeirra og tilfinningalegt ójafnvægi, auk fyrrnefndrar bræði ákærða.

Þannig hefur ákærði m.a. borið um að hann hafi misst stjórn á skapi sínu um stund, en brotaþoli aftur á móti lýst verulegri hræðslu á verknaðarstundu. Fyrir liggur að brotaþoli var í miklu ójafnvægi þegar hún hitti fyrir lögreglumenn og starfsmann barnaverndar á vettvangi mjög skömmu eftir að samskiptum þeirra feðgina lauk umrætt kvöld.

Í ofangreindu viðfangi verður að mati dómsins ekki horft fram hjá því að brotaþoli var ung að árum þegar atvik máls gerðust, og enn fremur að ákærða var á verknaðarstundu vel kunnugt um þau vandkvæði sem höfðu hrjáð hana hin síðustu misserin. Liggur fyrir að ákærði hafði m.a. leitað aðstoðar hjá fagaðilum vegna framkomu hennar, félagslegra erfiðleika, vanlíðunnar og áhættuhegðunar.

Við meðferð málsins hefur ákærði gengist við því að hafa í greint sinn tekið harkalega í brotaþola, og þá um axlir hennar, og að hann hafi við þær aðstæður ef til vill einnig tekið í hár hennar. Ákærði hefur einnig gengist við því að hafa ýtt brotaþola til í herberginu og þá þannig að hún hafi farið niður á eigið rúm, og að hann hafi haldið henni þar. Ákærði hefur loks játað að brotaþoli hafi við þessar síðastnefndu aðstæður fallið á herbergisgólfið.

Frásögn brotaþola er í samræmi við ofangreinda lýsingu ákærða, en öllu nákvæmari, og hefur þá m.a. staðhæft að ákærði hafi við lýstar aðstæður beitt hana valdi. Þá hefur hún borið um að háttsemi ákærða hafi byrjað fyrir utan herbergi hennar, en síðan færst þangað inn. Hafi hún þar m.a. mátt þola tók um axlir, ýtingar og hárreitingu af hálfu ákærða.

Að álit dómsins hefur framangreind frásögn brotaþola nokkra stoð í vottorði læknis, m.a. varðandi höfuðeymsli, en einnig í fyrrnefndri ljósmynd og myndtexta lögreglu, svo og í vætti lögreglumanna og starfsmanns barnaverndar, sem hittu brotaþola fyrir á vettvangi.

Að öllu þessu virtu þykir frásögn brotaþola um valdbeitingu ákærða trúverðug og verður hún lögð til grundvallar við úrlausn málsins, og þá um ofangreinda háttsemi ákærða, sem er m.a. lýst í ákæru.

Sú valdbeiting sem að ofan hefur verið lýst og telst sönnuð felur í sér refsineaman verknað.

Gegen neitun ákærða, en einnig að virtum framburði brotaþola og öðrum framlögðum gögnum, hefur ákæruvaldið aftur á móti eigi fært sönnur á að ákærði hafi

sparkað einu sinni í fætur brotþola, líkt og lýst er í ákæru. Verður hann því sýknaður af þeirri háttsemi.

Með vísan til ofangreinds verður háttsemi ákærða heimfærð undir 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga, eins og rakið er í ákæru.

5. Ákærði hefur samkvæmt sakavottorði ekki áður sætt refsingu, sem áhrif hefur í máli þessu.

Við ákvörðun refsingar ákærða ber m.a. að horfa til þess að atлага hans beindist að eigin dóttur, sem var 14 ára þegar atburðurinn gerðist. Að þessu virtu og í ljósi alvarleika háttseminnar verður litið til 1. töluliðar 1. mgr. og 3. mgr. 70. gr. hegningarlaganna. Á hinn bóginn þykir mega horfa til nefnds sakaferlis ákærða og þess að hann iðraðist verknaðarins, sbr. að því leyti 5. og 8. tölulið 1. mgr. 70. gr. nefndra laga.

Að öllu þessu gættu er refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 45 daga, sem bundin verður skilorði með þeim hætti sem í dómsorði greinir.

6. Brotþoli hefur krafist skaðabóta, eins og lýst er í ákæru. Bótakrafan, sem er dagsett 23. nóvember 2020, var fyrst lögð fram hjá lögreglu, en hún var birt ákærða 26. sama mánaðar.

Bótakrafan var rökstudd frekar við flutning málsins, en eigi liggja fyrir eiginleg sérfræðivottorð um langvarandi afleiðingar verknaðar ákærða.

Af hálfu ákærða er bótakröfunni mótmælt, þ. á m. sem vanreifaðri og of hárrí.

Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir líkamsárás gagnvart brotþola. Ber ákærði bótaábyrgð samkvæmt almennri sakarreglu skaðabótaréttar á tjóni brotþola.

Að ofangreindu virtu verður fallist á röksemdir brotþola um að ákærði hafi bakað sér skyldu til að greiða miskabætur samkvæmt 26. laga nr. 50/1993 um skaðabætur. Ákveðast þær eftir atvikum 350.000 krónur. Um vexti fer sem í dómsorði greinir.

Í samræmi við málsúrslit ber að dæma ákærða til að greiða 2/3 hluta sakarkostnaðar, sbr. sakarkostnaðaryfirlit lögreglustjóra, 15.809 krónur, en einnig sama hlutfall vegna ferðakostnaðar vitnis að fjárhæð 54.560 krónur. Þá ber að dæma ákærða til að greiða 2/3 hluta málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, við alla meðferð

málsins, hjá lögreglu og fyrir dómi, sem að teknu tilliti til virðisaukaskatts ákvarðast í heild 1.036.600. krónur. Loks ber að dæma ákærða til að greiða sama hlutfall af þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola, sem í heild ákvarðast 706.800 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti, svo og vegna ferða- og aksturskostnaðar hans að fjárhæð 89.560 krónur. 1/3 hluti nefnds sakarkostnaðar greiðist úr ríkissjóði.

7. Málið flutti af hálfu ákærvalds Helgi Jensson aðstoðarskasóknari, Fríða Thoroddsen, lögmaður og skipaður verjandi ákærða, og Júlí Ósk Antonsdóttir, skipaður lögmaður brotaþola.

Dóm þennan kveður upp Ólafur Ólafsson héraðsdómari.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, A, sæti fangelsi í 45 daga, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppsögu dómsins að telja, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði brotaþola, B, 350.000 krónur í miskabætur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 20. október 2020 til 26. desember sama ár, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði 2/3 hluta sakarkostnaðar að fjárhæð 1.268.886 krónur, þar með talið þann hluta sakarkostnaðar ákærvalds, að fjárhæð 70.369 krónur, sama hlutfall vegna málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Fríðu Thoroddsen lögmanns, sem í heild ákvarðast, 1.036.600 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti. Þá greiði ákærði brotaþola málskostnað í sama hlutfalli vegna þóknunar skipaðs réttargæslumanns hennar, sem í heild ákvarðast 706.800 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti, svo og vegna ferða- og aksturskostnaðar hans að fjárhæð 89.560 krónur. 1/3 hluti nefnds sakarkostnaðar, að fjárhæð 634.443 krónur, greiðist úr ríkissjóði.